



Hestamannafélagið Glaður

Sunnubraut 7
370 Búðardal
www.gladur.is

Stjórnarfundur 23. mars 2014

Endurritað úr fundargerðarbók Glaðs á ábyrgð ritara:

Fundur í stjórn Hestamannafélagsins Glaðs haldinn í Bakkahvammi 1, 23. mars 2014.
Mættir: Þórður, Viðar, Guðbjörn, Svala, Heiðrún Sandra og Gyða.

1. 23. og 24. apríl verður Bikarmót LH, landshlutar senda keppendur. Úrtaka v. fimmgangs var í KB mótaröðinni. Úrtökur v fjórgangs og tölts eru eftir hvað varðar keppendur af Vesturlandi. En 3 til 4 keppendur verði fulltrúar í hverri grein.
2. Rætt um bréf frá Svavari Garðarssyni þar sem hann kemur á framfæri þeirri hugmynd að hestvagn væri til leigu sem gengi um Búðardal, innlegg í ferðamannaafþreyingu. Glaður fer ekki í það verkefni en þakkar Svavari góða hugmynd og innlegg í umræðuna. Gaman væri ef einhver einstaklingur gæti komið henni í framkvæmd.
3. Rætt um tillögu vegna lagabreytingar á 5 grein, ýmsar vangaveltur varðandi það.
4. Aðalfundur undirbúinn. Ræddar nefndarskipanir.
5. Fræðslunefnd er með hönnun á buffum í vinnslu og vonandi næst að framleiða þau fyrir næsta mót.
6. Rætt um samstarfssamning UDN og Dalabyggðar.
7. Vesturlandssýningin er 29. mars n.k, nokkrir sýnendur verða frá Glað m.a Fanney Þóra sem mun verða í íslenskum búningi og ríða í söðli.

Fundi slitið.

Gyða Lúðvíksdóttir, ritari